

Ed.

50. Breytingartillögur

[33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1957.

Frá Jóni Árnasyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

- Á undan 1. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:
1. Á eftir B. 10 komi nýr liður:
Botnsdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Botnsárbrú um Litlabotn að Stórabotni.
 2. Á eftir B. 11 komi nýr liður:
Grafardalsvegur: Af Draghálsvegi hjá Geldingadraga um Dragháls að Grafardal.
 3. Á eftir B. 12 komi nýir liðir:
 - a. *Vatnshamravegur*: Af Skorradalsvegi neðan Miðfossa um Vatnshamra, Kvígsstaði og Heggstaði á þjóðveginn hjá Skjólborg.
 - b. *Sarpsvegur*: Af Skorradalsvegi hjá Fitjárbrú um Sarp og Efstabæ á Uxa-hryggjaveg fyrir framan Gilstreymi.
 4. Á eftir B. 16 komi nýir liðir:
 - a. *Katanesvegur*: Af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum um Katanes á Vesturlandsveg fyrir ofan Kalastaðakot.
 - b. *Reynisvegur*: Af Akrafjallsvegi hjá Heynesi að Eystri- og Vestri-Reyni.
 - c. *Hvítanesvegur*: Af Akrafjallsvegi um Hvítanes að Vallanesi.
 5. Á eftir B. 21 komi nýir liðir:
 - a. *Eyjarvegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk um Múlastaði og Eyri á Flókadalsveg hjá Skógum.
 - b. *Bæjarvegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Brún um Bæ og Nýjabæ að Laugarholt.
 - c. *Stórkroppsvegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá flugvöllinum á Kálfanesmellum, yfir Geirsá, um Runna og Stóra-Kropp á Bæjarsveitarveg fyrir vestan Hamra.
 6. Fyrir orðin „að Auðsstöðum“ í B. 23 (Reykdælavegur) komi: um Auðsstaði á Reykdælaveg hjá Uppsólum.
 7. Á eftir B. 23 komi nýir liðir:
 - a. *Hálsasveitarvegur*: Af Reykdælavegi hjá Giljum á Borgarfjarðarbraut í Hálsasveit framanverðri.
 - b. *Skáneyjarvegur*: Af Reykdælavegi hjá Nesi um Birkihlíð að Skáney.
 8. Á eftir B. 64 komi nýr liður:
Snóksdalsvegur: Af Skógarstrandarvegi sunnan Miðár á Vesturlandsveg hjá Gröf í Miðdölum.
 9. Á eftir B. 69 komi nýr liður:
Neðribyggðarvegur: Af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi utan Hafnarár um Neðribyggð á þjóðveginn hjá Hellu.
 10. Aftan við B. 72 bætist:
með álmum: a) að Bjarnarstöðum, Þverdal og Kverngrjóti; b) að Kjarlaksvöllum.
 11. B. 73 orðist svo:
Hjarðarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals um Hjarðarholt á Laxárdalsveg hjá Svalhöfða.